

FW: Bréf - dekkjakurl

Til : Helga Sigríður Hjálmarsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : FW: Bréf - dekkjakurl
Málsnúmer : 2016060080
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 24.06.2016 09:31:49
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [image003.png](#)[image003.png](#)

From: Gísli Halldór Halldórsson

Sent: 7. júní 2016 16:26

To: Þórdís Sif Sigurðardóttir ; Brynjar Þór Jónasson

Cc: Margrét Halldórsdóttir ; Ralf Trylla ; Hálfán Bjarki Hálfánsson

Subject: RE: Bréf - dekkjakurl

Sparkvellirnir litlu hafa alltaf verið með dekkjakurli, eftir því sem ég best veit. Það er hinsvegar sérlega leiðinlegt að í upphafi var gervigrasvöllurinn á Torfnesi með grænum mannvænu gúmmíi. Þegar síðast var bætt dekkjakurli á völinn, fyrir 3-4 árum, þá var sett mjög mikið af því. Ástæða þess hve svartur hann er er hinsvegar að grasið hefur slitnað af og sést varla lengur. Þessar upplýsingar um að dekkjakurlið sé hjá okkur höfum við frá Einar Finnssyni sem er starfsmaður hjá Altis sem m.a. eru í innflutningi og uppsetningu gervigrasvalla.

Málið hefur enn ekki verið sérstaklega til umræðu í nefndum Ísafjarðarbæjar. Aðgerðaráætlun Ísafjarðarbæjar núna er sú að ekki verður aftur bætt dekkjakurli á neinn völl, í framhaldi af umræðunni sem orðið hefur í þjóðfélaginu.

Ísafjarðarbær veit að málið er til skoðunar á landsvísu og á Alþingi og mun að sjálfsgöðu bregðast við á viðeigandi hátt þegar mál hafa verið leidd til lykta. Við vitum hinsvegar ekki hvaða kröfur verða gerðar. Ef eingöngu verða gerðar þær kröfur að hætt skuli að bæta dekkjakurlinu á vellina og ekki þarf að hreinsa upp gamla gúmmíið, þá er hægt að byrja að nota nýja gerð þegar bætt er á gúmmíi og þá verður talsvert minni kostnaður af þessum breytingum.

Það mun líklega kosta okkur 10-20 m.kr. að sópa upp öllu gúmmíinu á litlu sparkvöllum og setja nýtt í staðinn. Gervigrasvöllurinn á Torfnesi er ónýtur og þarf alveg nýjan þar, nokkuð öruggt er að hafist verður handa við gerð nýs gervigrasvallar sem aðalvöll á Torfnesi á næsta ári og því afar ólíklegt að skipt verði um gúmmí á þeim ónýta. Þar sem ekki er gert ráð fyrir kostnaði við að skipta út gúmmíi á sparkvöllum á fjárhagsáætlun ársins þá verður það varla gert á yfirstandandi ári, nema Alþingi setji lög um það.

Gísli H. Halldórsson

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: gisli@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



BRONZE BENCHMARKED 2015
The Municipalities of the Westfjords have been
assessed as meeting Bronze Benchmarking
Requirements of the EARTHCHECK Community Standard

The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - *Lonely Planet*

From: Tinna Hrund Hlynsdóttir [<mailto:thh@ov.is>]

Sent: 7. júní 2016 15:42

To: Margrét Halldórsdóttir; Ralf Trylla; Hálfán Bjarki Hálfánsson

Cc: Gísli Halldór Halldórsson

Subject: Bréf

Góðan daginn,

Þetta bréf er sent á nefnd um umhverfis- og framkvæmdarmál og til íþróttá- og tómstundanevndar.

Einnig er það stílað á Gísla Halldór Halldórsson, bæjarstjóra. Við óskum eftir því að bréfin berist til nefnda og verði tekin fyrir þar.

Bestu kveðjur,

Tinna Hrund